

Sp.

49. Tillaga til þingsályktunar

[47. mál]

um undirbúning að næstu stórvirkjun.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Stefán Valgeirsson, Ingvar Gíslason.
Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar, að markvisst skuli að því stefnt, að næsta stórvirkjun landsmanna eftir Sigölduvirkjun verði utan Þjórsársvæðisins, t. d. á Norðurlandi, og samþykkir að fela ríkisstjórninni að láta haga virkjunarrannsóknnum og öðrum undirbúningi þannig, að svo geti orðið.

Greinargerð.

Í mörg ár hefur verið um það talað, að næsta stórvirkjun yrði á Norðurlandi og sú stóriðja, sem kynni að rísa í því sambandi. Þetta var fullyrt, þegar ráðist var í Búrfellsvirkjun og álbræðslan reist. Það hafa hins vegar reynst orðin tóm. Rannsóknir á virkjunaraðstöðu utan Þjórsársvæðisins hafa ekki einkennst af sliku markmiði, þrátt fyrir það að utan þess eru sumir af hagkvæmstu virkjunarstöðum þessa lands. Þetta sannar best sú staðreynd, að nú, þegar orkuskortur er framundan á Suðvesturlandi, eru aðeins tiltækir virkjunarstaðir á Þjórsársvæðinu. Því var ekki um annað að ræða en að ákveða næstu virkjun þar. Sigölduvirkjun er hafin, og er gert ráð fyrir því, að hún verði fullgerð árið 1976.

Með u. þ. b. 10% árlegri aukningu á orkuþörf landsmanna mun sú virkjun hins vegar aðeins fullnægja þörfum í 3—4 ár. Hönnun næstu stórvirkjunar þarf því að hefjast um það leyti, sem Sigölduvirkjun er lokið, eða á árinu 1976. Ef ekki verður þegar breytt um stefnu og markvisst unnið að undirbúningi að einni virkjun t. d. á Norðurlandi, bendir allt til þess, að næsta virkjun eftir Sigöldu verði Hrauneyjarfoss í Tungnaá. Þar er þegar allt tilbúið til hönnunar og framkvæmda.

Flestum mun ljóst, að æskilegt er að dreifa stórvirkjunum um landið. Skulu aðeins nefnd tvö atriði til stuðnings þeirri staðreynd.

Þjórsársvæðið er á eða við jaðar eins mesta eldfjallasvæðis landsins. Eitt kröftugt eldgos í Heklu gæti lagt allar virkjanir þar í rúst á einni nóttu.

Í öðru lagi er stórfamkvæmd eins og virkjun fallvatns mjög mikilvæg sem þáttur í byggðajafnvægi og ekki síður sá iðnaður, sem venjulega fylgir í kjölfarið.

Með tilliti til þessara staðreynda og þess stutta tíma, sem framundan er, þar til hefja verður hönnun næstu virkjunar, þykir flutningsmönnum þessarar þingsályktunartillögu nauðsynlegt, að Alþingi geri grein fyrir vilja sínum í þessu stórmáli.

Virkjanarannsóknir utan Þjórsársvæðisins hafa verið takmarkaðar og dreifðar, og segja má, að þær hafi verið reikular og án markmiðs. Líklega hefur mestu fjármagni verið varið til rannsókna á flutningi Jökulsár á Fjöllum og Jökulsár á Brú yfir í Fljótshálfarað. Þessar hugmyndir hafa verið óljósar, ekki síst með tilliti til þess, að aldrei hefur þeirri spurningu verið svarað, hvernig ætti að nýta þau 1000 megawött, sem þannig fengjust. Þó hefur verið litið á aðra virkjunarmöguleika. Af þeim virðast álitlegastir annars vegar virkjun Dettifoss og hins vegar virkjun Blöndu. Þó er einnig rætt um virkjanir í Skagafirði og stóra jarðhitavirkjun á Kröflusvæðinu. Að öllum líkindum eru allir þessir valkostir álitlegir, og e. t. v. skiptir ekki höfuðmáli, í hvaða röð þeir eru valdir. Því virðist auðvelt að einbeita rannsóknnum að einum ákveðnum stað, sem yrði valinn með tilliti til hæfilegrar stærðar.

Þegar virkjað er stórt á Norðurlandi, er nauðsynlegt að tengja þá virkjun við Suðvesturlandið. Í því sambandi er talað um tvo möguleika, annars vegar línu um byggð og hins vegar línu yfir hálandið, annaðhvort niður í Eyjafjörð eða Bárðardal. Öllum mun vera ljóst, að lína um byggð hefur marga kosti. Hún er í fyrsta

lagi öruggari, og í öðru lagi þjónar hún mikilvægum byggðarlögum á leið sinni. Því ætti að vera auðvelt að ákveða nú þegar þá leið.

Þótt ekki sé það ætlun flutningsmanna, að Alþingi ákveði, hvar virkjað skuli utan Þjórsársvæðisins, t. d. á Norðurlandi, eða hvernig sú virkjun verður tengd við Suðvesturlandið, virðist flutningsmönnum, að það ætti að vera auðvelt. Ekkert virðist því til fyrirstöðu, að sú ákvörðun verði nú þegar tekin af sérfræðingum í samráði við ríkisstjórn og heimamenn. Þá ætti að vera unnt að ljúka nauðsynlegum rannsóknum þannig, að næsta stórvirkjun eftir Sigöldu verði á Norðurlandi og stór-
iðja, ef ákveðin verður í því sambandi.